# Stjórnarfundur SKÍ

*Mánudagur 26.janúar 2026 / kl. 16.00 / Rafrænn fundur*

**Efni fundarins:** Stjórnarfundur SKÍ. Auka fundur vegna ÓL 2026.
**Fundarstjóri:** Gísli Reynisson.
**Fundarritari:** Hugrún Elvarsdóttir.
**Þátttakendur:** Gísli Reynisson formaður**,** Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinanefndar, Ólafur H. Björnsson formaður skíðagöngunefndar, Fjalar Úlfarsson varaformaður, Ásgerður Þorleifsdóttir gjaldkeri, Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri. Veronika Lagun, formaður skíðaskotfiminefndar, Aðalsteinn Valdimarsson, formaður snjóbrettanefndar og Sigurður Hauksson framkvæmdastjóri.
**Fjarverandi:** N/A.

*Fundur settur kl. 16.00.*

**Fundardagskrá:**

1. **Val í alpagreinum kvenna á Ólympíuleikana 2026**

**Fundargerð:**

2. **Val í alpagreinum kvenna á Ólympíuleikana 2026**

Framhald á umræðu um val kvenna í alpagreinum á Ólympíuleikunum 2026. Ákvörðun frestað á stjórnarfundi 24.1.26 þar sem beðið var eftir niðurstöðu úr styrktar prófi Hólmfríðar Dóru og endanlegri afstöðu alpagreinanefndar SKÍ.

Fyrir liggja nú öll gögn málsins, þar á meðal mat bæklunarlæknis, niðurstöður myndgreiningar, niðurstöður styrktar prófs og afstaða alpagreinanefndar. Með hliðsjón af þessum gögnum er niðurstaða stjórnar SKÍ sú að Hólmfríður Dóra uppfyllir ekki þau skilyrði sem valreglur SKÍ setja fyrir þátttöku á Ólympíuleikunum.

Stjórn staðfestir því að Hólmfríður Dóra verði ekki valin til þátttöku í alpagreinum á Ólympíuleikunum 2026. Framkvæmdastjóra SKÍ falið að upplýsa Hólmfríði um ákvörðun stjórnar og bjóða henni á fund til að fara yfir niðurstöðuna og forsendur hennar.

**Val Skíðasambands Íslands til keppni á Ólympíuleikunum:**

Í kvennaflokki er lagt til að **Elín Elmarsdóttir Van Pelt** frá skíðadeild Víkings, verði fulltrúi Íslands í kvennaflokki. Elín er næst efst á FIS lista kvenna þann 19. janúar 2026.

Fundi slitið kl. 16.30.
*Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð.*